

Ísafjarðarbær  
Hafnarstræti 1  
400 Ísafjörður

Reykjavík 18. október 2017  
UST201709-169/K.S.J.  
10.04.03

### Efni: Lýsing. Deiliskipulag fyrir frístundabyggð í Dýrafirði

Vísað er til erindis Ísafjarðarbæjar er barst 22. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að deiliskipulagi frístundabyggðar, Söndum í Dýrafirði.

#### Skipulagssvæði

Í lýsingu kemur fram að áætlað er að reisa frístundahús á svæði sem er merkt F25 - Sandar Dýrafirði, í aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar.

#### Náttúruminjar


Ofangreint frístundasvæði er á svæði nr. 311. á náttúruminjaskrá, en allur skaginn milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar er á náttúruminjaskrá. Í skránni segir: „*Allur skaginn utan ræktaðs lands og þéttbýlis ásamt löndum Hrafnseyrar og Gljúfurár í Arnarfirði. Til austurs ráða mörk svæðis nr. 313 í fjallíð Sjónfrið, þaðan lina í upptök Hofsár í Borgarfirði og með henni til sjávar. Fjölbreytt landslag, gróðursælar hlíðar og dalir, umgirt stórkornu fjallendi. Framhlaup og jökulminjar. Hrafnseyri er fjölsóttur ferðamannastaður með söguminjum.*“

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að tekið sé tillit til verndargildis svæðisins sem kemur fram hér að ofan og að allar framkvæmdir verði aðlagaðar að umhverfinu og form og litir frístundahúsa verði felld að landi.

#### Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Virðingarfyllst

  
Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Agnar B. Bragason  
Teymisstjóri